

Nd.

726. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um útrýming fjárkláðans (þingskj. 711).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

1. Við 3. gr. Síðari málsliður: »Landsstjórnin« o. s. frv. til enda greinarinnar, orðist þannig:

Landsstjórnin ákveður með ráði lögreglustjóra og dýralækna hve mikið þurfi af baðlyfum, og annast um kaup á þeim og flutning þeirra á viðkomustaði strandferðaskipanna, váttrygging og uppskipun; en sýslunefndir annast um viðtöku þeirra þar, geymslu og afhending.

2. 4. gr. frv. falli burt, en í stað hennar komi ný grein svohljóðandi:

Allur baðlyfskostnaður, þar með talið flutningsgjald, váttryggingargjald, og kostnaður við uppskipun, geymslu og afhending baðlyfsins, greiðist að $\frac{2}{5}$ úr landssjóði en að $\frac{3}{5}$ af fjáreigendum. Hreppsnefndir eða bæjarstjórnir jafna niður á fjáreigendum kostnaðinum, sem þeim ber að greiða eftir fjártölu, og innheimta gjaldið. Skulu þær svo senda það sýslumanni eftir nánari fyrir-
mælum stjórnarráðsins.